



www.tourette.is  
tourette@tourette.is  
840 2210  
Hátúni 10 jarðhæð  
105 Reykjavík

## Tourette - Spurningar og svör



Efni frá bresku Tourette-samtökunum:

Q & A Questions and Answers on Tourette Syndrome.

Tourette-samtökin á Íslandi: Hilmar Pétursson þýddi, Sigrún Gunnarsdóttir las próförok.

### Hvað er Tourette?

Tourette er líffræðileg röskun sem á sér óþekktar erfðafræðilegar orsakir. Tourette lýsir sér sem ósjálfráðir hreyfi- og hljóðakækir sem geta valdið félagslegum vanda.

Tourette kemur venjulega fyrst fram í bernsku og varir að öllu jöfnu alla ævi en er þó misalvarlegt hjá einstaklingum og á mismunandi æviskeiðum. Einkenni Tourette minnka gjarnan á unglingsárunum.

Þráhyggju-áráttuhegðun og ADHD, athyglisbrestur með eða án ofvirkni, eru oft fylgifyskar Tourette. Vitað er að um eitt af hverjum hundrað börnum eru með Tourette röskunina.

### Hvernig eru kækirnir flokkaðir?

#### Einfaldir kækir

Hreyfikækir eru t.d. að augum er blikkað, höfðinu kastað til, öxlum yppt og andlitið grett.

Hljóðkækir eru t.d. ræskingar, gelt og lík hljóð, sogið upp í nef og skellt í góm.

#### Flóknir kækir

Hreyfikækir eru t.d. hopp, fólk eða hlutir snert, þef, snúið sér í hringi og í stöku tilfellum sjálfsmeiðandi hegðun eins og að slá eða bíta sjálfan sig.

Hljóðkækir eru t.d. orð og setningar sagðar án samhengis, soratal (óviðurkvæmileg orð) og hermital (endurtekning hljóða, orða eða setninga sem viðkomandi var að heyra).

Breytileiki kækja sem fylgja Tourette er mikill. Sumir þeirra eru svo flóknir að þeir sem umgangast þann sem er með kækina trúá vart að þeir séu ósjálfráðir.

## **Blóta allir þeir sem eru með Tourette?**

Nei, flestir gera það ekki. Soratal er venjulega aðeins til staðar í alvarlegum tilfellum. Það er mjög ólíkt því að blóta sem leið til að tjá sig, t.d. á börum, heldur er blótið ósjálfrátt og gerist einfaldlega gegn vilja þess sem blótar. Í raun reynir sá að fela það t.d. með hósta eða öðru slíku hljóði.

## **Fylgja aðrar raskanir alltaf kækjunum?**

Nei, en margir þeirra sem eru með Tourette eru að auki með aðrar raskanir.

Helstar eru:

Árátta-þráhyggja með stegldri hegðun. Þessi röskun felst í að viðkomandi finnst hann eða hún þurfa að endurtaka einhvern hlut aftur og aftur. Dæmi um þetta eru að þurfa að snerta hluti með annarri hendi eftir að hafa snert þá með hinn til að „jafna“ og að kveikja og slökkva á ljósi í sífellu. Börn með þessa röskun biðja foreldra sína stundum að endurtaka setningu oft þar til þeim finnst hún „hljóma rétt“.

Athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD). Þessi röskun er fylgifiskur hjá mörgum þeirra sem eru með Tourette. Börn sýna oft einkenni ADHD áður en Tourette-einkennin koma í ljós. Merki um að ADHD sé til staðar eru t.d. einbeitingarerfiðleikar, að geta ekki klárað verk sem byrjað er á, að hlusta ekki, að láta auðveldlega truflast, að framkvæma fyrst en hugsa svo, að hlaupa úr einu í annað, að þurfa á mikilli leiðbeiningu og stjórnun að halda og að vera sífellt á iði. Ofvirkni og athyglisbrestur fara ekki endilega saman. Fullorðnir geta einnig verið með ADHD t.d. í formi hvatvísi og einbeitingarerfiðleika.

Námserfiðleikar svo sem lestrar- og skriftarerfiðleikar, slök stærðfræðigeta og skynvandamál ýmiss konar fylgja oft Tourette röskuninni.

Hvatvísi er fylgikvilli sem stundum er til staðar og getur í einhverjum tilfellum komið fram sem ofbeldishneigð og félagslega óheppileg hegðun. Mótþrói og reiði eru önnur form hvatvísi sem geta komið fyrir.

Svefnerfiðleikar geta fylgt. Töluvert algengt er að þeir sem eru með Tourette eigi í erfiðleikum með svefn og vakni oft á nóttu, tali í svefni eða gangi í svefni.

## **Hver eru fyrstu einkennin?**

Kippir í andliti eru oftast fyrstu einkenni Tourette. Þeir eru oft fólgnir í að blikka augum í gríð og erg eða herpa saman varirnar. Einnig geta ósjálfráð hljóð eins og að ræskja sig eða sjúga upp í nefið og kippir í útlimum sýnt sig fyrst. Sumir þeirra sem eru með Tourette sýna bæði hljóð og hreyfikæki í upphafi.

## **Hvað veldur einkennunum?**

Svarið við þessari spurningu er óþekkt en rannsóknir hafa leitt í ljós að frávik í efnaskiptum taugaboðefnisins dópamíns virðast fylgja Tourette. Líklegt þykir að önnur boðefni eins og til dæmis serótónín komi einnig við sögu. Grunnhoð heilans (basal ganglia), sem tekur þátt í stjórnun hreyfinga og dópamín hefur mikil áhrif á, virðist ekki starfa alveg eðlilega í einstaklingum sem eru með kæki og eins má vera að önnur svæði heilans komi við sögu. Allar tilgátur um þetta eru enn á hugmyndastigi.

## **Erfist Tourette?**

Tourette virðist erfast en genið/genin sem valda því eru óþekkt, líklega vegna flókinna erfða þar sem fleiri en eitt gen koma við sögu. Svo virðist að Tourette erfist sem ríkjandi eiginleiki og getur birst á margvíslega vegu í fjölskyldumeðlimum. Um það bil helmingur barna þeirra einstaklinga sem eru með Tourette er líklegur til að erfa genin hvert fyrir sig. Hins vegar kemur Tourette hugsanlega alls ekki fram í 50% þeirra sem eru með genið/genin en í hinum 50% getur það lýst sér sem eiginlegt Tourette, sem vægir kækir eða sem árátta-þráhyggja algerlega án kækja. Vitað er að tíðni vægra kækja og áráttu-þráhyggju í fjölskyldum einstaklings sem er með Tourette er hærri en almennt gerist.

Í viðamiklum rannsóknum hafa ákveðin svæði á litningum reynst líkleg til að vera tengd Tourette en þörf er frekari rannsókna því til staðfestingar. Kyn virðist einnig hafa áhrif á sýnd Tourette. Synir þeirra sem eru með Tourette og hafa erft genið/genin virðast þannig vera þrisvar til fjórum sinnum líklegri til að hafa einhver einkenni en dætur þeirra. Engu að síður eru einungis 10% barna sem bera í sér genið/genin með það alvarleg einkenni að þau þurfi á aðstoð sérfræðinga að halda. Í einhverjum tilfellum er hugsanlegt að Tourette sé ekki arfbundið en stafi af tilviljunarkenndum orsökum.

## **Hvernig er Tourette greint?**

Greining Tourette er framkvæmd með því að athuga einkenni viðkomandi gaumgæfilega og átta sig á hvenær þau komu fyrst fram. Enn sem komið er eru hvorki til efnagreiningaraðferðir á blóði né taugafræðilegar aðferðir sem geta greint röskunina. Slíkar aðferðir, blóðrannsóknir, EEG, MRI og CT, eru þó notaðar til að útiloka að um sé að ræða önnur læknisfræðileg fyrirbrigði sem líkjast Tourette. Læknar nota gjarnan mælikvarða sem meta alvarleika Tourette einkenna til að ákveða lyfjaskammta og hvort lyfin hafi áhrif á einkennin.

## **Er til lækning við Tourette?**

Nei, ekki enn sem komið er og ekki frekar en við mjög mörgum öðrum röskunum og sjúkdómum. Hins vegar eru til lyf sem vinna gegn einkennum Tourette.

## **Hverfa einkennin einhvern tímann?**

Sumir þeirra sem eru með Tourette losna að verulegu leyti við einkennin á unglingsárum eða fljótlega eftir þau. Margir finna að einkennin minnka frekar en að þau versni þegar þeir eldast. Þeir sem greinast með Tourette geta alveg reiknað með að lifa jafn lengi og aðrir. Ýmis dæmi eru um að einkennin hafi horfið með öllu.

## **Hvernig er dæmigert tilfelli Tourette?**

Engin dæmigerð tilfelli Tourette eru til heldur eru einkenni þess afar margbreytileg. Hjá flestum sem eru með Tourette eru þau mjög væg en hjá öðrum alvarlegri.

## **Hvernig er Tourette meðhöndlað?**

Flestir sem eru með Tourette lifa eðlilegu lífi og einkenni þeirra trufla lítið. Þeir þurfa því ekki á lyfjum að halda. Lyf sem hjálpa við að halda einkennum niðri eru engu að síður til og hægt að nota þau ef einkennin trufla daglegt líf fólks. (Fjallað er um helstu lyfin í viðauka I hér aftan við eftir Gísla Baldurs-son barna- og unglingsgeðlækni: *Lyfjameðferð og framvinda Tourette heilkennis*).

Lyfjaskammtar sem duga til að hafa stjórn á einkennum Tourette eru mjög misjafnir og einstaklingsbundnir og þurfa læknar að fylgjast vel með þeim.

Skammtarnir eru hafðir litlir til að byrja með en auknir smám saman þar til fundist hefur sá skammtur sem skilar mestum árangri með sem minnstum aukaverkunum. Aukaverkanirnar geta verið margvíslegar og má þar nefna þyngdaraukningu, stífa vöðva, þreytu og eirðarleysi og doða í vöðvum en lyf eru til við flestum þessara aukaverkana. Aðrar aukaverkanir geta verið fólgnar í þunglyndi og truflun á vitsmunastarfsemi en þær má leysa með því að minnka lyfjskammtana eða breyta um lyf.

Ýmsar aðrar meðferðarleiðir eru til. Sálfræðingar geta hjálpað einstaklingum með Tourette og fjölskyldum þeirra að eiga við vanda þeirra og atferlismeðferð er stundum gagnleg til að kenna fólki að skipta áberandi kækjum út fyrir vægari kæki. Slökunaraðferðir og það sem á ensku er nefnt biofeedback getur létt á spennu sem annars gæti kallað kæki fram.

### **Hvernig rannsóknir eru í gangi á Tourette?**

Bandarísku Tourette samtökin hafa allt frá árinu 1984 styrkt rannsóknir á ýmsum þáttum Tourette. Áherslur slíkra rannsókna hafa nýlega beinst meira og meira að erfðum og er mikil vinna lögð í að reyna að finna staðsetningu genanna, sem tengjast Tourette, á litningum. Alþjóðlegur hópur vísindamanna sem bandarísku samtökin styrkja vinnur nú að því að samhæfa upplýsingar sínar um erfðir Tourette og að rannsaka þær enn frekar. Rannsóknir á stórum fjölskyldum þar sem margir eru með Tourette eru líklegar til varpa auknu ljósi á röskunina. Vísindamenn eru sömuleiðis að rannsaka boðefni í heila og nota til þess nýjustu tækni í heilamyndatöku og skönnun. Þeir vonast til að með því megi öðlast frekari skilning á Tourette og skilgreina ný og öflugri lyf. Enn aðrar rannsóknaráherslur snúa síðan að ónæmiskerfinu. Svo virðist sem sum tilfelli Tourette tengist svörum ónæmiskerfisins við bakteríusýkingum í hálsi af völdum Streptococcus. Þau tilfelli ganga undir nafninu PANDAS (Pediatric Autoimmune Neuropsychiatric Disorders Associated with Streptococcus).

### **Hversu algengt er Tourette?**

Tíðni Tourette er ekki þekkt nákvæmlega en talið er að nálægt því einn skólanemandi af hundrað sé með röskunina. Gamla hugmyndin að tíðnin væri 0,5 % er því allt of lág.

## **Hafa þeir sem eru með Tourette einhverjar sérþarfir í námi?**

Gáfnafar barna með Tourette er í engu frábrugðið annarra barna en þau hafa samt stundum sérþarfir í námi. Talið er að mörg þeirra eigi við náms-erfiðleika að stríða, sem kalla oft á sérstaka aðstoð einkum ef einbeitingar-skortur og tíðir kækir fylgja. Þessum börnum má hjálpa í námi með því að leyfa þeim að nota upptökutæki og tölvur til ritvinnslu við lestur og skrift. Skólinn ætti að leyfa þeim að taka próf með rúmum tímamörkum og í sér stofu (einkum ef þau stríða við hljóðkæki) og leyfa þeim að yfirgefa skóla-stofuna ef kækirnir verða óviðráðanlegir. Sum þeirra þurfa sérlega mikla hjálp og jafnvel sérkennslu í aðskildu herbergi.

Ef ekki er hægt að leysa vanda þessara barna í skólanum þarf að fara fram sérstakt mat á námsþörfum þeirra. Mat af því tagi getur orðið til þess að verulega dragi úr vanda barnsins og gert því kleift að ná þeim árangri sem geta þess og hæfileikar leyfa. Börn sem ekki er hægt að aðstoða með þessum leiðum í almennum skólum fá ef til vill best notið sín í sérskólum.

## **Er mikilvægt að Tourette sé meðhöndlað snemma?**

Já sérstaklega ef einkenni þess koma fólki almennt furðulega fyrir sjónir, valda ótta og hafa truflandi áhrif. Einkennin verða oft til þess að jafnaldrar, nágrannar, kennarar og fólk almennt geri grín að viðkomandi og vilji jafnvel ekki hafa neitt saman við hann að sælda. Foreldrar geta einnig verið furðu lostnir yfir atferli barns síns sem er með Tourette. Barnið getur af þessum sökum misst af ýmsum félagslegum tækifærum, átt erfitt með að eignast vini og fundist sér ógnað. Þetta verður oft alvarlegur vandi á unglingsárum, tímabili sem er fólki mjög mikilvægt og kannski sérstaklega þeim sem eru haldnir taugafræðilegum röskunum.

## **EKKI VERÐUR OF STERKT AÐ ORÐI KVEÐIÐ UM MIKILVÆGI ÞESS AÐ TOURETTE SÉ GREINT OG MEÐHÖNDLAÐ SEM ALLRA FYRST.**

Eins verður að hafa í huga að oft er hægt að slá á alvarlegustu einkennin með lyfjagjöfum.

## **Hvernig á að bregðast við Tourette heima við?**

Hægt er að komast í samband við aðra í svipaðri aðstöðu í Tourette-samtökum og skiptast á upplýsingum og skoðunum við þá.

Fjölskyldumeðferð getur einnig verið hjálpleg. Foreldrar barns sem er með Tourette verða oft að feta hina fínu línu sem greinir að skilning á ástandi barns þeirra og ofverndun þess. Þeir þurfa sífellt að gera upp hug sinn hvort hegðun barnsins sé vegna röskunar þess eða einfaldlega vegna óþekktar og reyna að bregðast rétt við. Ef barnið hagar sér á óviðurkvæmilegan hátt þarf að hvetja það til að reyna að hafa stjórn á sér og gera eitthvað annað í staðinn. Þeir ættu að reyna að láta barnið ráða sér sem mest sjálft en beita það mildum en ákveðnum aga ef það byrjar að nota einkenni sín til að stjórna þeim sem það umgengst.

## **Hvaðan er heitið Tourette komið?**

Fyrsta tilfelli Tourette var lýst í læknaritum árið 1885. Franski taugafræðingurinn Dr. George Gilles de la Tourette lýsti þá einkennum hefðarkonunnar Marquise de Dampierre og heilkennið hefur síðan borið nafn hans. Einkenni de Dampierre samanstóðu af ósjálfráðum hreyfikækjum um allan líkamann og ýmsum hljóðkækjum eins og soratali og hermitali. Hún varð 86 ára gömul. Dr. Samuel Johnson, frægur breskur höfundur orðabóka, var með Tourette. Í dag er vitað um ýmsa fræga einstaklinga sem eru með Tourette og meðal þeirra eru íþróttamenn, skurðlæknar, flugmenn, viðskiptajöfrar og skemmtikraftar.

~~~~~

**Fjallað er um helstu lyfin sem notuð eru við Tourette í viðauka I hér aftan við eftir Gísli Baldursson barna- og unglingageðlækni:**

***Lyfjameðferð og framvinda Tourette heilkennis.***

**Ýmsar gagnlegar upplýsingar er auk þess að finna í viðauka II.**


## VIÐAUKI I: Lyfjameðferð og framvinda Tourette heilkennis

Gísli Baldursson barna- og unglíngageðlæknir samdi þennan viðauka um lyf og lyfjagjöf við Tourette á Íslandi í dag og Pétur Lúðvígsson taugalæknir barna las hann yfir.

Fram til þessa hefur ekki fundist nein lækning við Tourette en ýmis lyf eru til sem nota má til að draga verulega úr sumum birtingarformum þess.

Tourette er eins og nafnið bendir til heilkenni einkenna, þar sem saman fara kækir en fylgiraskanir eru algengar og geta verið mjög breytilegar frá einum tíma til annars. Samkvæmt greiningarskilmerkjum þurfa bæði líkamlegir kækir og hljóðkækir að vera til staðar í eitt ár og viðkomandi ekki laus við kæki meira en þrjá mánuði í senn. Einnig þurfa einkenni að koma fram fyrir átján ára aldur.

Tourette hefst iðulega hjá yngri börnum með hreyfikækjum en síðar koma einnig fram hljóðkækir. Kækirnir koma oftast fyrst fram í höfði og andliti en færast síðar neðar. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að kækir ná oft hámarki um 10-11 ára aldur, en dregur svo úr. Á þessu eru þó undantekningar. Fylgiraskanir koma yfirleitt síðar fram nema ADHD.



Á myndinni sest framvinda kækja m.t.t. styrkleika fram til 18 ára aldurs samkvæmt einni rannsókn.

Tourette heilkennið getur komið fram í mörgum ólíkum myndum.

Fylgiraskanir eru algengar og hafa mikil áhrif í sambandi við meðferð þess.

Kækir eru yfirleitt ekki meðhöndlaðir nema þeir séu hamlandi.



Geðrofslyf hafa verið notuð, áður fyrr t.d. Pimozide (Orap) eða Haloperidol (Haldol). Í dag eru nýrri lyf gjarnan notuð t.d. Risperidone (Risperdal), Olanzapine (Zyprexa) eða Aripiprazole (Abilify). Áhrif þessara lyfja til minnkunar kækja virðast yfirleitt nást með mjög smáum skömmtum. Önnur lyf sem hafa verið notuð eru Clonidine (Catapresan) sem einnig dregur úr bæði hreyfi- og hljóðkækjum. Clonidine getur dregið úr ADHD einkennum.

Önnur lyfjameðferð Tourette beinist oft að fylgiröskunum. Má þar nefna t.d. árattu-þráhyggjuröskun en þar eru svokölluð SSRI lyf oft notuð. Einnig hafa þríhringa þunglyndislyf eins og Klomipramin (Anafranil, Clomipramin) verið notuð.

ADHD er algeng fylgiröskun Tourette. Áður fyrr var ekki talið fara saman að gefa methylphenidate (Rítalín) ef kækir voru til staðar. Í dag hefur sú nálgun breyst en fylgjast ber með hvort aukning verið á kækjum. Atomoxetine hefur einnig verið notað þegar ADHD er fylgiröskun Tourette. Þríhringa þunglyndislyf t.d. Nortryptiline (Noritren) eru áhrifarík varðandi ADHD einkenni.

Rétt er að geta að lyfjameðhöndlun fólks með Tourette röskun getur verið flókin. Um er að ræða taugasálfræðilegan kvilla þar sem birtingarmyndin getur verið mjög margbreytileg hjá einum einstaklingi og frá einum einstaklingi til annars. Fylgiraskanir eru algengar og hafa oft afgerandi áhrif varðandi ástand viðkomandi. Meðferðin beinist því oft að þessum fylgiröskunum t.d. ADHD, kvíða eða árattu-þráhyggju.

~~~~~

**Ýmsar gagnlegar upplýsingar er að finna í eftirfarandi viðauka.**

## VIÐAUKI II – Á [www.tourette.is](http://www.tourette.is) eða vísað þar á tengla:

**Kynningar á Tourette** sjá [www.tourette.is/Xodus.aspx?id=50&MainCatID=2](http://www.tourette.is/Xodus.aspx?id=50&MainCatID=2)

- Hagnýtar leiðbeiningar um Tourettekynningar í bekkjum grunnskóla
- Kynningar á Tourette sem panta má fyrir starfsfólk skóla, vinnustaðahópa, o.fl.

**Afmælisrit** 10 ára afmælisrit Tourette-samtakanna, gefið út 2001  
20 ára afmælisrit Tourette-samtakanna, gefið út 2011

**Blöðungur** Mikilvæg atriði varðandi Tourette

**Athugið** varðandi útprentun eftirfarandi bæklinga af vefnum, að þá er hægt að prenta út þannig að tvær síður komist fyrir á hvorri hlið blaðs af A4 stærð. Veljið að prenta út viðkomandi pdf skjal sem „booklet“ og veljið þar undir „booklet subset“ að prenta á báðar síður, og fást þá litlir bæklingar.

### Nýlegir bæklingar

- *Almennar upplýsingar*
- *Fróðleikur fyrir heilbrigðisstarfsfólk*
- *Leiðbeiningar fyrir laganna verði*
- *Leiðbeiningar fyrir starfsfólk skóla*
- *Skólastofan - Tourette, ADHD og hliðstæðar raskanir*
- *Tourette - Spurningar og svör*

**Eldri bæklingar** – **Athugið** að í eldri bæklingunum er eitthvað um úreltar staðreyndir, svo sem varðandi tíðnitölur og upplýsingar um lyf.

- *Að búa við Tourette á yngri árum*
- *Að takast á við Tourette einkenni á skólaaldri*
- *Kennari sem veit og skilur getur gert gæfumuninn*
- *Sjúkdómur Tourettes*





**RÚV: Snúið líf Elvu** [www.ruv.is/sarpurinn/snuid-lif-elvu/14092013-0](http://www.ruv.is/sarpurinn/snuid-lif-elvu/14092013-0)

Elva Dögg Gunnarsdóttir er með versta tilfelli Tourette-heilkennis sem læknir hennar hefur nokkru sinni séð. Engin lyf hafa virkað og hennar síðasta von var að komast í aðgerð þar sem rafskaut yrðu grædd djúpt í heila hennar. Í myndinni sjáum við Elvu og fjölskyldu hennar takast á við allt ferlið með húmorinn og kærleikann að vopni.



Heimildarmynd eftir Brynju Þorgeirsdóttur og Egil Eðvarðsson.

Bent er á bækur sem Tourette-samtökin hafa gefið út, sjá [www.tourette.is](http://www.tourette.is), og eru þær seldar þar gegn vægu verði og panta má með tölvupósti til [tourette@tourette.is](mailto:tourette@tourette.is) eða hringja í 840-2210.



**Robertson og Baron-Cohen (1998) lögðu til að gagnlegt geti verið fyrir fagaðila að skipta Tourette í þrennt:**

**Hreint Tourette**, sem er einkum og nær eingöngu fólgið í hreyfikækjum (eða kippum) og hljóð-(radd-)kækjum.

**Svæsið Tourette**, þar sem með í för eru soratal, bergmálstal og endurtekningar í tali og hreyfingum.

**Tourette-plús (TS+)** þar sem við bætast athygli-ofvirkniröskun (ADHD), veruleg þráhyggju-áráttu hegðun (OCB) eða þráhyggju-árátturöskun (OCD) og sjálfsmeiðingarhegðun (SIB). Aðrir sem lenda í þessum flokki eru þeir sem hafa geðræn vandkvæði (svo sem þunglyndi, kvíða og persónuleikaröskun) og þeir sem eiga í erfiðleikum með hegðun o.fl. (mótþróa-þrjóskuröskun, hegðunarröskun og námserfiðleika).

## Vitið þið að ...

- **Tourette**-heilkennið er arfbundið og er líffræðilegt ástand. Það einkennist af langvarandi hreyfikækjum eða kippum og hljóðkækjum og veldur oft félagslegum vanda.
- **Tourette** kemur venjulega fyrst fram í bernsku og alvarleiki þess er breytilegur eftir einstaklingum og aldri þeirra.
- **Tourette** fylgja oft aðrar raskanir, svo sem þráhyggja-árátta og athyglisbrestur með eða án ofvirkni.
- **Tourette** er að finna hjá einu af hverjum hundrað skólabörnum.

- ❖ Margir eru með Tourette án þess að hafa fengið um það greiningu.
- ❖ Einkenni Tourette eru oft misgreind. Þau eru m.a. talin vera af sálrænum toga, stafa af lélegu uppeldi eða skilnaði foreldra. Fyrir kemur að líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi er kennt um einkennin og haft samband við barnaverndaryfirvöld þar um.
- ❖ Kennarar og meðferðaraðilar álykta stundum að barn með einkenni Tourette sé alvarlega tilfinningatruflað eða athyglissjúkt fremur en að það þjáist af sjúkdómi eða röskun.
- ❖ Hægt er að meðhöndla Tourette ef þörf er á.